

Iceland Resources ehf.

Sundaborg 3  
104 Reykjavík

Mosfellsbær, 15. desember 2022  
erindi nr. 202211318/23.0 KP

### **Jarðborun Iceland Resources ehf. eftir gulli í Þormóðsdal - starfsleyfi í auglýsingu til umsagnar**

Á 1561. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 15.12.2022, voru lögð fram drög að starfsleyfi Iceland Resources ehf. vegna jarðborana í Þormóðsdal. Það var Heilbrigðiseftirlitið HEF, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness sem auglýsti umsókn fyrirtækisins drög að starfsleyfis til umsagnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 18.12.2022.

*Bæjarráð samþykki að fela skipulagsfulltrúa að senda umsögn til Heilbrigðiseftirlits.*

#### **Umsögn:**

Tilkynning barst Mosfellsbæ frá Heilbrigðiseftirlitinu HEF, dags. 21.11.2022, þar sem sveitarfélagið er upplýst um umsókn Iceland Resources ehf. um starfsleyfi fyrir jarðboranir í Þormóðsdal. Á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þá hefur eftirlitið auglýst starfsleyfið til umsagnar og athugasemda á heimasíðu sinni.

Í tilkynningunni kemur fram að Iceland Resources sé umsækjandi og ábyrgðaraðili verks. Ekki kemur fram hver muni annast verklega framkvæmd.

Fram kemur: „*Starfsleyfisskilyrðin marka reglur um umhverfisþætti og mengunarvarnir við framkvæmd jarðborunar á skilgreindu borsvæði í Þormóðsdal í Mosfellsbæ 2022 - 2023. Skilyrðin ná til framkvæmda við gerð borplana sem og vinnu við jarðboranir.*“ „*Leyfið nær einnig til efnisflutninga vegna framkvæmdarinnar [...]*“

Í kynntum drögum að starfsleyfi kemur ekki fram á hvaða landi starfsleyfið á við eða þá hver er landeigandi þess land sem jarðborun mun hafa áhrif á. Meðfylgjandi neðst í fylgiskjali er illlæsileg mynd sem sýnir land L123813 í Þormóðsdal, þinglýstur eigandi skv. skrá HMS er Ríkissjóður Íslands. Umsögn tekur mið af því að kynnt drög eigi við um það svæði.

Umrætt svæði er í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skilgreint með þrennum hætti þar sem ólíkir landnýtingarflokkar mætast. 506-Oú opið svæði til útivistar við Hafravatn, 510-L landbúnaðarland Þormóðsdals og óbyggt svæði við Búrfell. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 stendur eftirfarandi um þá landnotkun:

*Opin svæði: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.*



*Landbúnaðarsvæði: Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.*

*Óbyggð svæði: Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.*



Rannsóknar- og jarðvegsboranir hljóta að vera undanfari frekari efnistöku eða framkvæmda á svæðinu. Líkt og almennt gerist um borun eftir vatni eða rannsókna á jarðvegi. Mosfellsbær hefur ekki í sínum langtíma áformum og skipulagi áætlun um að breyta nýtingu þessa svæðis til frekari nota en fyrir er. Auk þess hefur ekki borist erindi frá landeigendum til Mosfellsbæjar um breytingu á landi fyrir efnistöku eða aðra grófa jarðvinnu. Á aðalskipulagi eru virkar borholur jafnan skilgreindar innan iðnaðarsvæða og jarðvegsnámur innan efnistöku- og efnislosunarsvæða.

Samkvæmt framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 telst óafturkræft rask á landi sem hefur í för með sér breytingar á ásýnd þess framkvæmdaleyfisskyld. Það er sveitarstjórn sem veitir framkvæmdaleyfi en skipulagsfulltrúi gefur það út að undangenginni umsókn. Ekki er í framkvæmdaleyfisreglugerðinni fjallað sérstaklega um rannsóknir eða tilraunajarðborun lands eins og starfsleyfistillaga gefur til kynna. Það er þó hlutverk sveitastjórnar, eða nefndar, að meta umfang framkvæmda og hvort þær séu framkvæmdaleyfisskyldar. Engin slík umsókn hefur borist Mosfellsbæ frá Iceland Resources ehf. og því liggur mat framkvæmda ekki fyrir.

*Í ljósi ofangreindra atriða gerir Mosfellsbær athugasemd útgáfu starfsleyfis fyrir rannsóknarborunum á svæðinu. Ekki liggja fyrir neinar samþykktir sveitarfélagsins fyrir framkvæmdum sem raskað geta ásýnd lands eða haft frekari áhrif á umhverfið. Í texta starfsleyfisins stendur að leyfið nái utan um „efnisflutninga“ framkvæmdar og getur slíkt umfang vel fallið undir reglur um útgáfu framkvæmdaleyfis. Eins og fram hefur komið hefur sveitarfélaginu ekki borist nein gögn sem gefa kost á að meta umfang framkvæmda og hvort gefa þurfi út slíkt leyfi samkvæmt reglugerð. Þar sem ekki liggja fyrir neinar heimildir til efnistöku eða verulegs jarðrasks á svæðinu, til framtíðar, lítur Mosfellsbær svo á að öll efnistaka og borun sé óheimil. Sveitarfélagið og bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur áður fjallað um sambærilegar áætlanir Iceland Resources ehf. og þeim bæði mótmælt, síðast 2021, og athugasemdum skilað til forsvarsfólks fyrirtækisins. Í bókun skipulagsnefndar á fundi hennar þann 08.10.20221 áréttar skipulagsnefnd við Iceland Resources ehf. að hvorki samkvæmt aðalskipulagi Mosfellsbæjar né öðrum samþykktum áætlunum sveitarfélagsins séu áform um frekri framkvæmdir, námuvinnslu eða jarðrask á fyrrgreindu svæði. Með vísan til framangreids gerir Mosfellsbær athugasemd við útgáfu leyfisins.*

Þetta tilkynnist hér með.

**Virðingarfyllst,**  
f.h. Mosfellsbæjar

  **Skipulagsfulltrúi**  
**Mosfellsbæjar**

Kristinn Pálsson,  
Skipulagsfulltrúi